

Nd.

445. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna atvinnuskorts í verstöðvum austanlands.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Til ársloka 1934 er ríkisstjórninni heimilt að veita samvinnufélögum sjómanna og verkafólks í verstöðvunum Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaup-

stað og Eskifirði, eða sveitar- og bæjarstjórnnum þessara staða, lán til þess að kaupa saltfisk, sem veiddur hefir verið frá öðrum verstöðvum landsins, en ella mundi seldur verða óverkaður úr landi. Lán þessi mega nema allt að 90% af gangverði saltfiskjarins á þeim tíma, er fiskurinn er keyptur, og eigi fara fram úr 600000 kr. á ári. Lánin veitist gegn veði í fiskinum og öðrum þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar. Skal stjórninni heimilt að taka fé þetta að láni.

Flutning á fiskinum til verkunarstöðva annist strandferðaskip ríkissjóðs gegn $\frac{1}{3}$ af venjulegu flutningsgjaldi.

2. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni til ársloka 1934 að leyfa nokkrum útlendum veiðiskipum að landsetja saltfisk til sölu eða verkunar í verstöðvum austanlands, eftir tillögum bæjar- og sveitarstjórna, er hlut eiga að máli, enda njóti innlendir menn vinnu og verkunarlauna allra við fiskinn. Til sama tíma og með sömu skilyrðum er ríkisstjórninni einnig heimilt að leyfa eigendum þeirra skipa, er landsetja saltfisk eftir þessari grein, að leggja á land hæfilegan forða af kolum og salti í þarfir skipanna á afgreiðslustöðum meðan þau landsetja fiskinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefir útgerð tilfinnanlega brugðizt í verstöðvum austanlands og af því leitt, ásamt verðhruni afurðanna, hnignun útgerðar og atvinnubrest, enda hefir vöntun sildarbræðslu og annara iðjutækja hamlað fullkominni nýtingu sjávarafurða og þeirrar stórfelldu sildargengdar, sem verið hefir á Austfjörðum langan undanfarinn tíma.

Margt af því fólki, sem fest hefir byggð við sjóinn, verður af þessum sökum ósjálfbjarga, ef ekki tekst að skapa því atvinnuskilyrði í svip, með því að flutningur þess til sveitanna, þar sem landkostir þó eru yfirgnæfandi, ef notaðir væru, getur eigi orðið svo fljótt, sem þörfin krefur.

Vitað er, að allmikið af óverkuðum saltfiski er sent til sölu úr landi, og lenda verkunarlaun þess fiskjar að mestu leyti í höndum útlendinga. Virðist því liggja næst, þegar atvinnubrestur er hér í landi, að gera ráðstafanir til þess, að verkunarlaun fiskjarins falli innlendum mönnum í skaut.

Með frv. þessu er því tilraun gerð til að færa saltfiskjarsöluna í eðlilegt horf og stöðva það verðmæti í landinu, sem ella hlýtur að tynast landsmönnum.

Fé til fiskikaupa og flutnings fiskjarins á vettvang verður eigi fengið nema með opinberum ráðstöfunum, þegar í hlut eiga efnalausir menn, en eftir frv. þessu eiga lánveitingar til kaupanna að vera áhættulausar, ef hyggilega er um lánin búið, veð tekið í fiskinum og lánsupphæð fer ekki fram úr 90 hundraðshlutum af saltfisksverði.

Kaup og verkun á saltfiski úr erlendum veiðiskipum er eigi að sama skapi haldkvæm aðferð til atvinnubóta sem innlendu kaupin, en þó tiltækilegt ráð. Slik fiskikaup hafa undanfarin ár litil verið, en mundu að skaðlausu geta aukizt, án þess að spilla markaðshorfum fyrir ísl. fisk. Að visu munu ýmsir líta svo á, að með lögfestu leyfi til landsetningar á fiski úr erlendum skipum væri veiktur sá varnargarður um innlenda hagsmuni, er mynda átti með fiskveiðalöggjöfinni frá 1922, en hvorttveggja er, að sá varnargarður hefir frá upphafi rofinn verið með ýmiskonar undanþágum fyrir útlendinga, svo sem til rekstrar bræðslustöðva, sildarkaupa og fiskimjölsvinnslu á ýmsum stöðum, enda vitanlegt, að innlendra hagsmuna getur oft verið bezt gætt með hyggilegum undanþágum frá þeirri löggjöf.